1. gr.

Vatnsgjald A húsnæðis er 0,33 hundraðshlutar af fasteignamati.
Vatnsgjald B húsnæðis er 0,4 hundraðshlutar af fasteignamati.
Vatnsgjald verslunar- og skrifstofuhúsnæðis er 0,33 hundraðshlutar af fasteignamati.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera 14,5 krónur fyrir neysluvatn á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 9. desember 2004 öðlast þegar gildi við birtingu.

Snæfellsbæ, 11. janúar 2005.

Kristinn Jónasson bæjarstjóri.

11. janúar 2005 Nr. 51

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Snæfellsbæ.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 2. gr. samþykktar nr. 384/1995 um hundahald í Snæfellsbæ, skal vera kr. 10.825.

2. gr.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsun, skráning, merking og ábyrgðartrygging.

3. gr.

Gjaldið greiðist á gjalddaga sem er 1. janúar ár hvert og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga sem er 31. janúar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga

4. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktarinnar er kr. 4.000.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin og samþykkt var af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 9. desember 2004 er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi við birtingu.

Snæfellsbæ, 11. janúar 2005.

Kristinn Jónasson bæjarstjóri.